

Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa



KYNNING Á HANDBÓK UM ÍBÚASAMRÁÐ Í SVEITARFÉLÖGUM 22. MARS 2018

ANNA GUÐRÚN BJÖRNSDÓTTIR SVIÐSSTJÓRI



Efnisþættir kynningar

1. Almennt um handbókina og íbúasamráð
2. Meginreglur um íbúasamráð
3. Undirbúningur og framkvæmd íbúasamráðs
4. Aðferðir til að fá fleiri til að taka þátt og virkja fólk
5. Fastir samráðsvettvangar



Rauði þráðurinn í bókinni

- Kynna aðferðir sem stuðla að því að gera íbúasamráð að sjálfsögðum og föstum þætti í stjórnunar- og ákvörðunartökuferlum sveitarfélaga þannig að það verði alltaf skoðað þegar stórar ákvarðanir eða stefnumótun stendur fyrir dyrum hvort og hvernig eigi að leita samráðs við íbúa.
- Með öðrum orðum: *Kynna hvernig hægt sé að skapa samráðsmenningu innan sveitarfélaga*



Áhersla á

- praktíska fræðslu og
- að veita upplýsingar um hvar sé hægt að nálgast nánara upplýsingaefni um einstaka þætti
- Pdf-útgáfa á http://www.samband.is/media/lydraedi---mannrettindi/Lydraedisrit_loka.pdf sem hægt er að uppfæra eftir þörfum



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Hvað felst í samráði?	7
3. Hvenær á að fara í íbúasamráð?	8
4. Meginreglur um íbúasamráð	9
5. Framkvæmd íbúasamráðs	12
5.1 Ákvörðun um samráð	12
5.2 Undirbúningur eftir að ákvörðun hefur verið tekin	12
5.3 Við hverja þarf að tala?	14
5.4 Tíma- og verkáætlun	14
5.5 Upplýsingaáætlun	15
5.6 Notkun upplýsingatækni til að ná til fólks	16
5.7 Hvernig fáum við fleiri til að taka þátt?.....	16
5.8 Skipulag samráðsviðburðar	19
5.8.1 Hlutverk lykilaðila í samráðinu	19
5.8.2 Skráning	20
5.8.3 Hvernig tókst til?	20
5.8.4 Endurgjöf.....	20
6. Dæmi um samráðsaðferðir eftir þátttökustigi	21
7. Fastir samráðsvettvangar	30
7.1 Hverfisnefndir	30
7.1.1 Íslenskar hverfisnefndir.....	30
7.1.2 Hverfisnefndir í norrænum grannríkjum	31
8. Gátlisti til stuðnings við skipulag og undirbúning íbúasamráðs	34
9. Heimildir	37



Af hverju íbúasamráð

- til að kjörnir fulltrúar geti tekið ákvarðanir út frá þörfum og viðhorfum íbúa og á betri þekkingargrunni
- til að ná betri sátt um ákvarðanir
- til að virkja félagsauðinn
- til að stuðla að meira trausti og ánægju meðal íbúa



Lögbundið samráð

X. kafli sveitarstjórnarlaga og ákvæði skipulagslaga



Hvað felst í samráði

- Að hlusta af áhuga og tala um það sem þú hefur hlustað á
- Að leitast við að skilja forsendur annarra og sýna þeim og skoðunum þeirra virðingu
- Þegar fólk upplifir að það sé hlustað á það á þennan hátt, þá hlustar það frekar á aðra og finnur til ábyrgðar



Frumforsendur fyrir samráði

- Að það sé svigrúm til að íbúar geti haft áhrif og raunverulegur áhugi á því að leyfa þeim að hafa áhrif
- Málamyndasamráð á aldrei rétt á sér
- Betra að sleppa samráði og kynna ákvörðun og hvað liggur að baki hennar ef svigrúm og áhugi er ekki fyrir hendi



Samráð getur gengið mislangt



Spurningar til stuðnings við ákvörðun um íbúasamráð

- Er svigrúm til að hafa áhrif á niðurstöðu?
- Þurfum við sem kjörnir fulltrúar og ákvörðunartökuaðilar að vita meira um skoðanir og þarfir íbúa áður en ákvörðun er tekin?
- Gæti samráð leitt til þess að íbúar geri sér betur grein fyrir forsendum sveitarstjórnar fyrir ákvörðunartöku, skyldum sveitarfélagsins og þörf á forgangsröðun?
- Snertir álitaeefnið íbúa á þann hátt að gera megi ráð fyrir að þeir hafi áhuga á að taka þátt í samráði?



Sérstaklega mælt með íbúasamráði

- Þegar sveitarfélagið er að fara í stórt skipulags-, framkvæmda- og umhverfisverkefni.
- Við stefnumótun um málefni sem eru hluti af daglegu lífi íbúa
- Þegar þörf er á nýrri hugsun og nýsköpun í framkvæmd verkefna
- Til að fá sjónarmið íbúa varðandi forgangsröðun valkosta



2. Meginreglur um íbúasamráð


- Segja til um af hverju sveitarfélagið ætli að leggja áherslu á íbúasamráð, í hvers konar málum og hvernig
- Mikilvægur grunnur fyrir árangursríku samráði í framtíðinni og samráðsmenningu
- Aldrei heppilegt að herma eftir meginreglum annarra án samráðs og umræðu



Meira um meginreglur

- Til stuðnings við mat á hvort fari eigi í samráð í einstökum málum og gefa íbúum og stjórnsýslu til kynna hvers megi vænta og hvernig muni verða haldið á málum
- Skilgreina hver eigi að bera ábyrgð og hafa frumkvæði
- Skýra hlutverk og verkaskiptingu á milli kjörinna fulltrúa og starfsmanna
- Þurfa að vera raunsæjar





=Samþætting íbúasamráðs inn í ákvörðunartökuferla



Byggja upp þekkingu á íbúasamráði

- Samhliða gerð meginreglna þarf að veita kjörnum fulltrúum og starfsmönnum fræðslu um íbúasamráð
- Æskilegt að byggja upp sérstaka þekkingu hjá a.m.k. einum starfsmanni þannig að hann geti veitt stuðning við framkvæmd samráðs



3. Undirbúningur og framkvæmd íbúasamráðs

- Taka ákvörðun um samráð á frumstigi meðan það er ennþá svigrúm til að hafa áhrif
- Skipa vinnuhóp kjörinna fulltrúa og starfsmanna til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd
- Byrja á að móta markmið með því að fara vel í gegnum væntingar um hverju samráðið eigi að skila
- Gátlisti aftast í handbók



Af hverju viljum við fá þáttöku íbúa?

- Erum við að sækjast eftir þekkingu þeirra og reynslu af nærumhverfinu eða þjónustu sveitarfélagsins?
- Viljum við fá hugmyndir frá þeim um nýjar lausnir?
- Viljum við fá þá til að taka ábyrgð og styðja við nýtt samstarf eða framtak í sveitarfélaginu?
- Hvaða væntingar höfum við um ávinning?
- Hvað ætlum við að gera við niðurstöðurnar?
- Að hvaða leyti eiga íbúar að geta haft áhrif?




Gera áætlun um samráðið á grundvelli markmiða

- Kortleggja ákvörðunartökuferilinn
- Á hvaða stigi ætlum við að hafa samráð
- Ætlum við að hafa einn eða fleiri samráðsviðburði
- Um hvaða úrlausnarefni og spurningar ætlum við að hafa samráð
- Alltaf að hafa í huga að spurningarnar þurfa að vera áhugaverðar fyrir íbúa



Íbúasamráð er ferill

Óháð þátttökustigi, samráðsaðferðum og markhópi þarf alltaf að skipuleggja samráðsferilinn fyrirfram. Spírallinn gefur yfirsýn yfir vörðurnar á leiðinni.



Til hverra þurfum við að ná?



Meira um undirbúning

- Gera tíma- og verkáætlun fyrir allan samráðsferilinn
- Tímasetja samráðsviðburði
- Skilgreina hver beri ábyrgð á hverju
- Gera undiráætlanir um einstaka samráðsviðburði
- Kostnaðarmeta aðgerðir og tryggja fjármagn
- Gera upplýsingaáætlun



Upplýsingahópar



Upplýsingaáætlun

- Skilgreinir til hvaða hópa þurfi að ná og hvað þeir þurfi að fá að vita
- Hvaða aðferðir á að nota til að miðla upplýsingum og hvenær á að miðla upplýsingum
- Hver á að gera hvað og hvað kosta aðgerðirnar
- Hvernig á að meta hvort upplýsingagjöfin hafi skilað sér



4. Aðferðir til að fá fleiri til að taka þátt

- Nota frumlegar aðferðir til að vekja athygli íbúa
- Skapa jákvæða og áhugaverð umgjörð
- Auglýsa á mörgum stöðum og í gegnum mismunandi miðla
- Nota vefinn, samfélagsmiðla og veflausnir til að sýna það sem er í vændum
- Bjóða fólki persónulega að taka þátt í samráði
- Nýta tengiliðahópa og lykilaðila



Hverfisskipulag Reykjavíkur

ÍBÚAÞÁTTAKA VIÐ MÓTUN SKIPULAGS



Umhverfis- og skipulagssvið, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur
Ævar Harðarson verkefnisstjóri hverfisskipulags / Ph.D. arkitekt FAÍ

Mynd: Rán Flygenring

#samráðshandbók



Skapandi samráð í framkvæmd „Planning for Real“



#samráðshandbók



Aðferðir til að fá fleiri til að taka þátt

- Leita fólk upp þar sem það er
- Notaða málfar sem allir skilja
- Virkja markhópin í undirbúning að samráðsviðburði
- Tíma- og staðsetning þarf að vera úthugsuð
- Bjóða upp á mat og kaffi
- Bjóða upp á barnapössun



Ná til íbúa á þeirra forsendum og þeirra stöðum



#samráðshandbók



Upplands-Väsby – Build the park of your dreams!








Nu kan du bygga din nya drömpark!

[SKRIV UT](#)

Mellan 11- 31 augusti kan du nu bygga din egen drömpark genom att lämna förslag här på kommunens hemsida med hjälp av en digital dialogaktivitet. Du har även möjlighet att bygga din drömpark genom att använda dig av en VR-headset.



Gera samráðið skemmtilegt og skapandi

Aktivitetsutrustning	Bord och stolar	Utsmyckning	Vatten	
 3 500 kr	 15 000 kr	 15 000 kr	 8 000 kr	 8 000 kr
 20 000 kr	 50 000 kr	 100 000 kr	 40 000 kr	 7 000 kr
 15 000 kr	 15 000 kr	 15 000 kr	 15 000 kr	 Eget alternativ


#samráðshandbók



Skipulag samráðsviðburðar

- Skipulag þarf að þjóna markmiðum samráðs
- Uppröðun, skipting í smærri hópa og tæknilegar lausnir geta stuðlað að meiri virkni
- Skapa óformlegt og afslappað andrúmsloft
- Markviss fundarstjórnun mjög mikilvæg
- Hugsa fyrirfram um það sem þátttakendur þurfa að fá að vita og hvernig eigi að bregðast við því sem getur komið upp





- Fá íbúa til að sjá mál í stærra samhengi, og skilja að sveitarstjórn þarf að meta mál út frá heildarhagsmunum og jafnræði íbúa
- Fá íbúana til að líta á úrlausnarefnið sem sameiginlegt verkefni þeirra og sveitarstjórnar sem hægt er að leysa á jákvæðan og skapandi hátt

#samráðshandbók



Skipulag samráðsviðburðar

- Skráning og samantekt til þátttakenda
- Mat á því hvernig til tókst
- Endurgjöf til þátttakenda



Hlutverk lykilaðila

- Kjörnir fulltrúar
- Starfsmenn
- Íbúar



Mismunandi samráðsaðferðir eftir þátttökustigi

Þátttökustig	Einkenni	Þú færð að	Dæmi um aðferðir
Upplýsingagjöf	Einhlíða Spurningar og svör	Vita um	Fréttabréf Heimasíða Almennur fundur Ópið hús
Samráð	Leita eftir sjónarmiðum Eitt skipti	Láta í ljós skoðanir	Skoðanakönnun Samráðshópur Hverfisganga Íbúapallborð
Samtal	Skoðanaskipti Oft endurtekin	Rökræða	Rökræðukaffi Notendaráð Íbúaping „Open Space“ fundur
Samstarf	Skipuleggja og framkvæma aðgerðir	Framkvæma	Vinnuhópur Framtíðarsmiðja
Ákvörðun	Taka þátt í ákvörðun	Ákveða	Íbúakosning Þátttökufjárhagsáætlun



5. Fastir samráðsvettvangar

- Ungmennaráð- handbók og myndbönd á www.sass.is
- Hverfisnefndir
- Fleiri?



Ávinningur af hverfisráðum skv. norskri rannsókn

- Meiri viðvarandi áhersla á þáttöku íbúa en í sveitarfélögum sem hafa ekki hverfisráð
- Markvissari þátttaka íbúa



Lykilatriði

- Tryggja breiða þáttöku og skilning á heildarhagsmunum
- Tengsl við stjórnkerfi sveitarfélaga og stuðningur
- Væntingar og hlutverk séu á hreinu. Það má ekki vera neinn misskilningur um hlutverk og valdsvið
- Fulltrúar í hverfisráðum upplifi að þeir hafi raunveruleg áhrif



Það sem stuðlar að góðum tengslum á milli hverfisráða og sveitarstjórnar skv. norsku rannsókninni

- Sveitarfélagið ráði starfsmann til að vera tengiliður við hverfisráðin og til að aðstoða þau, t.d. við fundi
- Fastir reglulegir fundir á milli kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og hverfisráða
- Að það sé fastur þáttur í áætlana- og skipulagsvinnu að leita samráðs við hverfisráð og íbúa í hverfi

